




Kraftar náttúrunnar minna á sig



Náttúran hefur heldur betur látið í sér heyrna undanfarið. Jarðskjálftahrina hefur gengið yfir á Reykjanesskaganum og hafa skjálftarnir fundist víða á Suðurlandi, allt austur á Hellu og Hvolsvöll og jafnvel víðar. Þegar þetta er ritið er ekki vitað hvert framhaldið verður en ólíkar sviðsmyndir hafa verið dregnar upp af almannaörnum. A meðfylgjandi mynd má sjá hafið berja ströndina vestan við Þorlákshöfn eftir hvassviðri liðinnar helgar. -gpp

Uppbygging á Laugarvatni

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar shefur á stuttum tíma útlutað þrem íbúðalóðum á Laugarvatni. Um er að ræða einbýlishúsalóð og tvær rað- og parhúsalóðir. Mikil vöntun hefur verið á íbúðum á Laugarvatni að undanförunu og því ætti uppbygging á þessum lóðum að vera kærkomin fyrir þá sem vilja setjast að á Laugarvatni. Það er ekki eingöngu uppbygging á íbúðalóðum að fara af stað, því nú er í byggingu á Laugarvatni iðnaðarhúsnæði sem er 600 fermetrar að stærð og skiptist í sjö iðnaðarbil.



Á Laugarvatni er í byggingu 600 fermetra iðnaðarhúsnæði. Framundan er uppbygging á íbúðarhúsnæði og þá er áhugavert deiliskipulag að taka gildi með spennandi og fjölbreyttum lóðum.

deiliskipulaginu á Laugarvatni sé nú í staðfestingarferli hjá Skipulagsstofnun og má búast við að nýtt deiliskipulag taki gildi síðar í mánuðinum. „Í nýja skipulaginu er gert ráð fyrir mjög spennandi og fjölbreyttum lóðum, hvort sem það eru lóðir fyrir íbúðir eða verslun og þjónustu. Þær lóðir sem

koma nýjar inn á Laugarvatni er svæðið sem sveitarfélagið fékk í makaskiptum við ríkið fyrir nokkrum árum. Búast má við góðum viðbrögðum þegar lóðir á nýja skipulaginu verða auglýstar lausar til úthlutunar en nú þegar hafa nokkrir aðilar sýnt áhuga enda spennandi lóðir á hagstæðum kjörum að bjóðast.“

Frekari lóðaúthlutanir fram undan

Í samtali við Helga Kjartansson oddvita Bláskógabyggðar kemur fram að heildarendurskoðun á

Barnafatabúðin Krílafló vinsæl á Selfossi



Margir gera góð kaup með notuð föt í versluninni. Mynd: -gpp

Það var fyrir rúmum mánuði sem verslunin Krílafló opnaði dyrnar á Selfossi. Krílafló er þó ekki það sem myndi kallast hefðbundið verslunarform því þar er svokölluð básaleiga. Fyrirkomulagið er afar vinsælt í dag og er mikið notað. Básaleigan virkar þannig að seljendur leigja sér bása og selja þar barnaföt, leikföng og bækur fyrir börn á öllum aldri, bæði notað og nýtt. „Við erum þrjú sem stöndum að versluninni,“ segir Kristbjörg St. Gísladóttir. „Með mér eru Sverrir Tómas og Pálína Agnes. Okkur fannst vanta þetta verslunarform á Selfoss því margir sem við þekkjum og við sjálf höfum sótt þessa þjónustu til Reykjavíkur. Það var mjög skemmtilegt verkefni að koma versluninni á koppinn, mikil vinna en skemmtileg og svo er þetta ferli líka búið að vera mikill skóli og við búin að læra margt skemmtilegt í þessari framkvæmd.“

Frábærar móttökur bæði í leigunni og versluninni

Aðspurð um það hvernig svona fyrirkomulag virki segir Kristbjörg: „Framkvæmdin er frekar auðveld það er bara farið inn á krílafló. is, valið hvort viðkomandi vill leigja eina viku eða fleiri, hvaða dagsetning hentar og þá kemur í ljós á dagatali þar inni hvort þessi vika sé laus og svo framvegis, fólk er leitt áfram í leigufurinu skref fyrir skref. Þá segir Kristbjörg að verkefnið hafi gengið glimrandi vel: „Það er búið að ganga svo vel hjá okkur og við erum búin að fá frábærar móttökur, þá bæði fólk að koma að leigja bása og svo líka að versla úr básunum. Því þetta þarf að haldast í hendur til að ganga upp. Okkur langar til að þetta verði eitthvað sem er komið til að vera áfram í verslunarflórinni á Selfossi. Við erum mjög þakklát fyrir móttökurnar,“ segir Kristbjörg að lokum. -gpp

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Aðalsafnaðarfundur Selfossóknar 2021



Aðalsafnaðarfundur Selfossóknar verður haldinn í safnaðarheimili Selfoskirkju miðvikudaginn 10. mars kl. 17:30.

Dagskrá aðalsafnaðarfundar:

Málefni sóknarinnar verða þar rædd, starfsskil og reikningsskil sóknarnefndar sem og verkefni og starf næsta starfsárs.

Dagskrá fundarins er með þessum hætti (sbr. Starfsreglur um sóknarnefndir www2.kirkjan.is/node/11364):

1. Gerð grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.
2. Afgreiðsla reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár, ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.
3. Greint frá starfsemi héraðsnefndar og héraðsfundi.
4. Ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og framtiðarskuldbindingar.
5. Kosning sóknarnefndarmanna og jafnmargra varamanna til 4ra ára.
6. Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og kirkjugarðs og varamanna þeirra til árs í senn.
7. Önnur mál.

Sjá nánar www.selfoskirkja.is

Hrós vikunnar

Jón K. B. Sigfússon

er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Jón K. B. Sigfússon

Ég þakka meistara Bjarka Hilmarssyni kærlega fyrir hrósið og frábært samstarf í gegnum tíðina og sama á við um allt dásamlega fólk á Geysi. Samstarfsfólk og bestu vinir mínir, þau Knútur og Helena á Friðheimum, fá stórt hrós fyrir allt mögulegt, þau eru snillingar.

Jón K. B. Sigfússon

Svo skora ég á nafna minn og sveitunga Jón Bjarnason, organista í Skálholt, að koma með næsta hrós. Jón er alltaf jákvæður og tilbúinn í allskonar verkefni. Hann spilar allt frá kirkjutónlist til þungarokks og er þar að auki góður ljósmyndari.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Endilega sendið okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



Ódýrasta snyrtistofa landsins í Hveragerði



Sandra Ösp Konráðsdóttir, snyrtifræðingur í Hveragerði.

Fréttavefurinn Mannlíf fór í áhugaverða greiningu á snyrtistofum landsins á dögunum. Gerð var verðkönnun á litun og pökkun en í ljós kom að 232 prósentu munur er á milli þeirrar ódýrustu og þeirrar dýrustu. Tekið var fram að mögulega væri munur á þjónustunni milli þessara aðila, en ekki var gerð könnun á því. Í niðurstöðum þessarar óform-

legu rannsóknar kom fram að ódýrasta snyrtistofan var Snyrtistofan Ösp í Hveragerði. Það var ekki um annað að ræða en að heyra í Söndru Ösp Konráðsdóttur eiganda stofunnar. Sandra er alin upp á Þórshöfn en flutti til Hveragerðis 2019 og opnaði snyrtistofuna Ösp í bænum.

Aðspurð að því hvernig henni hafi orðið við með að vera með ódýrustu þjónustuna á landinu

segir Sandra: „Já, það kom ekki endilega á óvart. Ég vil bjóða góða þjónustu á sanngjörnu verði svo að sem flestir geti leyft sér að fara í snyrtingu.“ Þá segist Sandra allt eins eiga von á því að hjá henni verði örtröð frá höfuðborgarsvæðinu í kjölfar fréttanna. „Ég á alveg von á því, enda ekkert mál að skreppa í Hveragerði! Eftir rúm 10 ár í faginu á ég tryggja viðskiptavinum á höfuðborgarsvæðinu sem hafa ekki sett það fyrir sig að keyra yfir heiðina og koma til mín,“ segir Sandra hress.

Fjölskyldan heillaðist af bænum og flutti

Við ræðum við Söndru um hvernig það kom til að fjölskyldan flytti til Hveragerðis. „Í fæðingarorlofi 2018 vorum við fjölskyldan stundum í húsi tengdaforeldra minna í Hveragerði. Við urðum fljótt hrifin af bænum og hugmyndinni að ala börnin okkar upp hér. Maðurinn minn á skyldfólk bæði í Hveragerði og á Selfossi en ég á í raun enga tengingu við þetta svæði en okkur líður dásamlega hér, segir Sandra að lokum. -gpp

Sameiningarumræða

Sameining Rangárvallasýslu og Vestur Skaftafellssýslu í eitt sveitarfélag er til skoðunar og nefnd á vegum kjörinna fulltrúa er að störfum.

Áður en gengið er til kosninga skal ákveða einn ákveðinn stað sem væntanlegt höfuðból. Sú nálgun kemur í veg fyrir ónaúdsýnlegt hagsmunapot sem allir tapa á en leysir margar flækjur sem önnur vinnubrögð myndu skapa. Ytri-Skógar er kjörinn staður, jörðin er í eigu beggja sýslanna og er það kostur. Þarna eru heilmiklar

byggingar sem eru lítið notaðar og auðvelt að fella að breyttri notkun án mikils kostnaðar. Eru þarna góðar aðstæður fyrir sveitarstjóra.

Ljósleiðari liggur um allt héraðið, hann virkar jafnvel þaðan og úr einhverjum byggðakjarna.

Covid-ástandið hefur þjálfað fólk í notkun fjarfundarbúnaðar og því auðvelt að vinna flest þannig. Leysir sá búnaður mörg lítið þörf ferðalög af hólmi. Ekki spillir að Skógum er mesti menningararfur úr

þessum sýslum á einum stað auk þess er skjalasafn þeirra að stæstum hluta geymt þar. Andi fræða svífur þar yfir fjöllum og ásum, einnig væri þarna kjörið tækifæri til að lyfta staðnum á mun hærra stig sem honum ber og verður okkur öllum til meiri sóma.

Tekið skal fram að þessi staðsetning rýrir á engan hátt möguleika þeirra þéttbýliskjarna sem eru í héraðinu en gæti gagnast þeim öllum jafnt til vaxtar.

Sveinn Sigurjónsson,
Galtalæk 2.

Áskorun til HSU frá fjórum stéttarfélagum

Enn og aftur eru það starfsmenn í ræstingu og nú einnig í þvottahúsi Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) sem verða fyrir barðinu á uppsögnum vegna „hagræðingar“. Afl starfsgreinafélaga, Báran, stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag og Verkalýðsfélag Suðurlands mótmæla fyrirhuguðum uppsögnum á ræstingafólki og starfsmönnum í þvottahúsi hjá HSU. Réttindi og kjör þeirra starfsmanna sem munu verða ráðnir í þessi störf munu verða lakari en hjá þeim starfsmönnum sem hafa gegnt þeim til þessa. Starfsmönnum var tilkynnt í framhaldinu að ekki væri óskað eftir starfsumsóknunum frá þeim hjá nýjum atvinnurekanda!

Í frétt á vef Ríkiskaupa þann 19.02. 2021 kemur fram að árangursríkt útboð HSU á ræstingu hafi átt sér stað, þar sem kemur fram að kostnaður er langt undir kostnaðaráætlun.



Hljómar þessi frétt eins og dæmalaus siguryfirlýsing um að tekist hafi að lækka launakostnað starfsfólks, sem er á algjörum lágmarkstöxtum við erfiða vinnu.

Þetta eru kaldar kveðjur frá yfirstjórn stofnunarinnar og vægast sagt lítilsvirðing fyrir

störfum þessa hóps sem hafa ekki síður verið í framlínunni sérstaklega á tímum þessarar farsóttar.

Stéttarfélagin skora á stjórn stofnunarinnar að hætta við fyrirhugaðar uppsagnir og um leið aðför að þessum störfum. Sýnum störfum jafna virðingu.



Skalli

Sá svalasti í bænum

**Stór pizza með
premur áleggstegundum
á aðeins 1.449 kr.
alla daga í mars**

www.skalli.is - facebook.com/skalliselfossi - Sími 483 1111

Er sjálfbærni nýja stóriðjan?

Eitt af stóru verkefnum stjórnvalda í kjölfar Covid-19 faraldursins verður atvinnusköpun í kreppu-ástandi. Í gegnum tíðina hefur atvinnuáttak af þessu tagi verið framkvæmt með stóriðju og/eða stórfamkvæmdum, svo sem álverum, virkjunum og svo framvegis. Vandamál samtímans kalla á nýjar og umhverfisvænni nálganir. Ísland hefur í gegnum tíðina skuldbundið sig til að takast á við ýmsar áskoranir í loftlagsmálum, en skuldbindingum verða að fylgja efnidir. Mistakist okkur að standa við þessar skuldbindingar mun það hafa áhrif á ungt fólk í dag og komandi kynslóðir. En getur verið að hægt sé að taka á hluta þessara vandamála með sömu lausnunum? Búa til nýja og umhverfisvæna atvinnuvegi?

Tökum sörpmálin sem dæmi. Upp hefur sprottið nýsköpunarfyrirtæki hér á landi sem sérhæfir sig í endurvinnslu á plasti með umhverfisvænni orkugjöfum en tíðkast úti í heimi. Samt er það svo að regluverkið í kringum skil og endurvinnslu á plasti er beinlínis hamlandi vexti og starfsemi slíkra fyrirtækja. Þá er einnig vert að benda á það að lítið af endurunnum plastefnum er nýtt aftur hér á landi. Ísland er sem sagt orðinn hráefnafram-

leiðandi á enn einu sviðinu, líkt og með raforku til stóriðju og óunninn fisk. Þess í stað ættum við að leita leiða til að loka hringrásinni hér á landi, það er framleiðsla með umhverfisvænstu orku í heimi á fullnum plastvörum úr umhverfisvænsta plasti í heimi. Getur verið að endurvinnsla á plasti og framleiðsla á fullnum plastvörum úr endurunni hráefni geti orðið nýr, blómlegur og umhverfisvænn atvinnuvegur hér á landi? Gleymum því ekki að slík nýsköpun myndi hafa í för með sér atvinnusköpun, auk þess að hjálpa til dæmis landbúnaðinum að ná kolefnishlutleysi (líkt og nýendurskoðaður búvörusamningur gerir ráð fyrir) sem aftur hjálpar stjórnvöldum að standa við skuldbindingar sínar. Til þess að svo megi verða þurfa stjórnvöld að tryggja að réttu hvatarnir séu til staðar í regluverkinu sem styður endurvinnslu og endurnýtingu.

Nauðsyn flokkunar á sorpi er mikil og umræða og aðgerðir til samræmingar flokkunarferfa eru af hinu góða. En gleymum ekki lokahnykknum í hringrásinni. Endurunnið hráefni verður að verða að vöru aftur til þess að snákurinn bítu í halann á sér. Mikilvægt er að búa til sjálfbært hringrásarhag-

Jón Gautason

formaður Guðna, félags ungra Framsóknarmanna í Árnes- og Rangárvalla-sýslu



kerfi til að þurfa ekki að flytja út hráefni sem enginn veit hvað verður um. Stór þáttur í því að ná loftlagsmarkmiðum Parísarsamkomulagsins er að styðja við umhverfisvænar lausnir til að endurnýta og endurvinnna sorp.

Getum við skapað fleiri umhverfisvæna atvinnuvegi? Mögulega getum við aukið hlutdeild skógræktar hér landi og í framtíðinni hvatt sérstaklega til þess að byggt verði úr íslensku timbri, en timbur er mun umhverfisvænna byggingarefni en til dæmis steinsteypa. Aukin eftirspurn eftir íslensku timbri myndi sannarlega hvetja til aukinnar gróðursetningar nytjategunda og fjölgunar starfa við ræktun, grísjun og svo að lokum skógarhögg og vinnslu.

Nýir tímar kalla á nýjar nálganir við atvinnusköpun. Sækjum fram með sjálfbærni að leiðarljósi og látum ekki tækifærið til að búa til nýja atvinnuvegi úr hendi sleppa.



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er **Guðmundur Guðmundsson**.

Ég vil þakka fyrrverandi vini mínum, Sævari Erni Sigurvinssyni fyrir tilnefninguna.

Ég hef gaman af því að fíka aðeins við eldamennsku en hef ekkert verið of duglegur að fara eftir uppskriftum, ég ætla þó að láta reyna á þetta og koma með eina mjög góða uppskrift að fiskrétti.

Fiskréttur

Við byrjum á því að taka rófu, sæta kartöflu og gulrætur, brytja í teninga og setja í eldfast mót. Tökum kryddleginn hvítlauk í olíu og dreifum yfir rötargrænmetið, einnig er gott að setja vel af hvítlauksolíu yfir og krydda með Herbemare kryddi (sjávarsalt með lífrænum jurtum). Mótið sett inn í ofn í 35 mínútur á 200°C.

Ég ætla að skora á vin minn **Kristján Guðmannsson** að koma með sinn frábæra appelsínukjúkling.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Þegar 35 mínútur eru liðnar tökum við fiskinn og setjum í sama mót yfir rötargrænmetið. Mér finnst persónulega best að nota blálöngu en alveg jafn gott að nota aðra tegund af fiski. Þegar fiskurinn er kominn yfir grænmetið er beikon skorið í bita og dreift jafnt á milli fiskbitanna, krydda yfir fiskinn Seafood and fish kryddi frá Santa Maria. Þá eru sítrónur skornar í sneiðar og sett yfir fiskinn. Þá er mótið sett í ofn í ca. 15 mínútur, það fer eftir hvað fiskurinn er þykkur og hve lengi skal baka hann, ekki lengur en 15 mínútur.

Svo er alltaf gott að fá eitthvað sætt eftir að hafa borðað fisk en þar sem Sævar er genginn út þá verðum við að sætta okkur við Royal-búðing með rjóma.

Búðingur

Uppskrift aftan á umbúðum.

Gleðitíðindi



Þegar mér var boðið að skrifa stutta greinargerð um úrskurð í all-fyrirferðarmiklu, en að sama skapi vanreifðu og kjánalegu dómsmáli, nr. T-729/2020, sem Héraðsnefnd Árnesinga og Landvernd höfðuðu nýlega gegn Sýslumanninum á Suðurlandi og Íslenska bænum í því skyni að valda enn frekara tjóni á friðlýstum þjóðarverðmætum, þar sem öllum kröfum sóknaraðila var hafnað, datt mér ekki fyrst í hug yfirskriftin *Gleðitíðindi*, heldur meira hnitmiðuð og lýsandi fyrisögn: *Heimaskítmat*.

Margir velunnarar þeirra þjóðarverðmæta sem ofangreindir sóknaraðilar hafa sett klærnar í eru þess fullvissir að þeir muni nú loks sjá að sér og draga sig til baka þegjandi og hljóðalaust, snúa jafnvel við blaðinu, láta af tröllslátum og gerast stuðningsaðilar faglegrar uppbyggingar í samræmi við ákvæði fyrirliggjandi friðslýsingarákvæða. Á grundvelli fyrri reynslu er þó full ástæða til hóflegar bjartsýni, og gætu umræddir aðilar enn leitað í almannasjóði, væri þeim reyndar trúandi til þess að stofna til frekara málþófs og niðurrifsstarfsemi. Það mun vera fáheyrt á landsvísu og vissulega einnig í alþjóðlegu samhengi, nema á stríðssvæðum, að sveitarfélag og almannasamtök vinni beinlínis tjón á sameiginlegum menningarverðmætum þjóðar. Mörgum finnst undarlegt hversu fáir ganga fram fyrir skjöldu og reyna að halda í halann á þessum sérkennilegu, og á sinn hátt ólíklegu, skemmdarvörögum.

Þar til annað kemur í ljós, ber engu að síður að fagna þessari afgerandi dómnsniðurstöðu og gera ráð fyrir því að sóknaraðilarnir, Héraðsnefnd Árnesinga og Landvernd, sýni þann manndóm að láta nú kyrrt liggja, - og umsátrinu um Laxabakka ljúki þar með. Þessu mætti fagna vel og myndarlega, enda íslenski bærinn á hraðferð inn á heimsminjaskrá UNESCO og þess vegna mætti eflaust greina lófatak og gleði víðar að úr heimi en hér á okkar litla landi.

Hannes Lárusson

Heilsuefning eldri íbúa í Hveragerði



Heilsuræktarnámskeið fyrir eldri íbúa hófst að nýju þann 15. febrúar sl. Þátttaka var vonum framar en 82 manns skráðu sig til leiks. Covid-19 hefur haft mikil áhrif, bæði líkamlega og andlega, á heilsufar fólks og því ljóst að eftirvænting eftir nýju námskeiði var mikil. Vegna fjöldatakmarkana þurfti að þrískipta hópnum í upphafi og var þá hver hópur fyrir sig á

tveimur æfingum í viku. Í kjölfar tilslakana verður þó hægt að skipta hópnum í tvennt þannig að allir fái æfingu þrisvar í viku. Kennari er Berglind Elíasdóttir M.Ed. Íþróttá- og heilsufræðingur en hún hefur sérhæft sig í hjálfun eldri aldurshópa og vann meistaraverkefnið sitt í tengslum við það. Hún sér um skipulag og framkvæmd námskeiðsins.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraavegi 25, 800 Selfoss,

sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673,

gpp@prentmetoddi.is.

Auglýsingar: Katla Harðardóttir,

sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is.

Dagskráin kemur út á hverjum

miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraavegi 25,

Selfossi, fyrir hádegis á mánuðögum.

Upplag: 8700 eintök.

Dreifing: Ökoytis í allar sýslur austan

Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að

samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísingátur-hóf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Oftast ég í vörpu veiði.

Velkominn mig fáir bjóða.

Kollana ég klippi og greiði,

kallast hluti túna og lóða.

Svar við gátu í blaði 2586: **SÚLA**.

1. lína: Fjallið Súla - 2. lína: Hússúla

3. lína: Hafsúla - 4. lína: Klásúla



Kælitæki / Uppþvottavélar
Eldunartæki / Ljós / Ryksuger
Þvottavélar og þurrkarar
Símtæki / Kaffivélar / Smátæki



BOSCH
Safapressa

MES 25A0

700 W. Pressar bæði ávexti og grænmeti. Stórt áfyllingarrör fyrir ávexti og því er ekki nauðsynlegt að skera þá í marga hluta.

Tækifærisverð:
17.900 kr.

Fullt verð: 24.900 kr.



Stadler Form
Stadler Form
Lofthreinsitæki

Viktor

Hreinsar loftið og eyðir ólykt, ryki og ýmsum örverum í hýbílum okkar. Herbergisstærð: Allt að 50 m².

Tækifærisverð:
34.900 kr.

Fullt verð: 44.900 kr.



SIEMENS
Spanhelluborð,
iQ100

EH 651FEB1E

Án ramma. Fjórar spanhellur. Snertihnappar. 60 sm.

Tækifærisverð:
114.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.



SIEMENS
Bakstursofn,
iQ300

HB 274ABS0S (stál)

Með stóru 71 lítra ofnrými. Sjö hitunaraðgerðir, þar á meðal 3D-heitur blástur. Matreiðslutillögur. Hraðhitun. Rafeindaklukka. Brennslusjálfhreinsun.

Tækifærisverð:
119.900 kr.

Fullt verð: 159.900 kr.



SIEMENS
Espresso-kaffivél,
EQ.300

TI 351209RW

Hraðvirk upphitun. Kaffikvörn úr keramik. Einföld í notkun. Allar aðgerðir sýnilegar á skjá („coffeeDirect“). Þrýstingur: 15 bór.

Tækifærisverð:
96.900 kr.

Fullt verð: 124.900 kr.



BOSCH
Ryksuga,
Serie 2

BZGL 2X100

Lítill og nett en öflug. Snúra: 8 m. Hljóð: 80 dB.

Tækifærisverð:
16.900 kr.

Fullt verð: 22.900 kr.



SIEMENS
Uppþvottavélar,
iQ300

SN 43HS32UE (stál)
SN 43HW32US (hvít)

12 manna. Sex kerfi, þar á meðal hraðkerfi á 65° C (klukkustund). Fjögur sérkerfi, meðal annars tímastytting. Hljóð: 46 dB. „aquaStop“-flæðivörn. Home Connect: Wi-Fi.

Tækifærisverð:
89.900 kr.

Fullt verð: 109.900 kr.



SIEMENS
Þvottavél,
iQ500

WM 14S08DN

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kerfi: Bómull, viðkvæmt, ull. Sérkerfi eru meðal annars: Sjálfvirk kerfi, gallabuxur, útifatnaður, blandaður þvottur, mjög stutt kerfi (15 mín.), stutt kerfi (30 mín.) o.fl. i-Dos: Sjálfvirk skömmtun fyrir fljótandi þvottaefni. Tromla: 63 lítra.

Tækifærisverð:
139.900 kr.

Fullt verð: 174.900 kr.



SIEMENS
Þurrkari
iQ300

WT 45M280DN

Sjálfhreinsandi rakapéttrir: Rakapéttririnn hreinsast við hverja notkun sem stuðlar að lágrí orkunotkun ár eftir ár. Sérkerfi: Ull, blandaður þvottur, útifatnaður, skyrtur, tímastillt kerfi, hraðkerfi 40 mín. o.fl.

Tækifærisverð:
134.900 kr.

Fullt verð: 169.900 kr.



BOSCH
Skafttryksuga,
Serie 4

BBH 32551

Mjög öflug, 25,2 V. Ryksuga með skafti og handryksuga. Húsgagnabursti og langur stútur fylgja með. Hver hleðsla dugur í allt að 55 mín.

Tækifærisverð:
39.900 kr.

Fullt verð: 49.900 kr.



Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu

Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir

Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðfinnu Sveinsdóttur, Garðafelli, Eyrarbakka,

fer fram frá Eyrarbyggjakirkju laugardaginn 6. mars kl. 14.

Trausti Sigurðsson Sigríður Sæmundsdóttir
Viðar Sigurðsson Guðbjörg Bjarnadóttir
Soffía A. Jóhannsdóttir

Disa Sigurðardóttir Sigvard Sigurðsson Hammer
Eygló Alda Sigurðardóttir og fjölskyldur.



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástæru móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Sveinsínu Guðmundsdóttur.

Sérstakar þakkir fær yndislegt starfsfólk Dvalarheimilisins Lundar á Hellu fyrir góða og hlýja umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Ólafía Ingólfssdóttir Gróa Ingólfssdóttir
Kristinn Karl Ægisson Guðrún B. Ægisdóttir
Friðleifur Valdimar Ægisson Fjöla Breiðfjörð Ægisdóttir
Guðmundur B. Ægisson Björg Elisabet Ægisdóttir og fjölskyldur.

Guðmundur Eliasson
Hrönn Baldursdóttir Kjartan Jóhannsson
Þorsteinn Þorvaldsson Annemarie Ægisson Björg Þorkeldsdóttir



Myndi skrifa bækur sem sýna ungu fólki hversu megnugt það er

-segir lestrarhesturinn Jóna Katrín Hilmarsdóttir

Jóna Katrín Hilmarsdóttir er J móðir, kona, dóttir, enskukennari og stundum skólameistari. Hún hrífst af óspilltri náttúru, góðmennsku og sagnalist. Hún er mikill bókaormur sem hefur náð að troða bókvitinu í askinn sinn.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Bækur eru ómissandi hluti af mínu lífi, ég er sífellt vakandi fyrir góðum ábendingum að bókum til lestrar. Ofarlega á uppáhaldslistanum núna er ævisaga Michelle Obama sem er áhugaverð lesning um merkilega konu sem er öflug fyrirmynd ungra kvenna. Ég hef nýlengi við að lesa *The Sanatorium (Heilsuhælið)* eftir Sarah Pearse og *The Light in Hidden Places (Ljós hulinna staða)* eftir Sharon Cameron. Sú fyrri er spennusaga en hin síðarnefnda byggir á sönnun atburðum úr síðari heimsstyrjöld og segir frá sextán ára Stefaniu Podgorska sem faldi þrettán gyðinga í íbúð sinni í borginni Przemysl í Póllandi. Ég mæli einlæglega með þeirri bók en hún veitir innsýn í daglegt líf þeirra sem lifðu og hræðust á umrótatímum. Það er okkur öllum hollt að setja okkar (Covid) umrótatíma í samhengi við hörmungar sem dynja á víða um heim.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Ég les mikið á ensku, enda enskufræðingur, og vildi óska þess að fleiri bækur væru þýddar á íslensku svo að flóra bókmennta yrði ríkari hér á landi. En skáldsögur heilla helst og ég nýt þess að lesa klassískar bókmenntir en hrífst einnig af skáldsögum með sagnfræðilegu ívafi. Þessa dagana rekur helst á fjörur mínar bækur sem fjalla um árabilið 1880 til 1950 og gaman að rýna í hugsun, heimspeki og sögu þess tíma. En William Shakespeare og Charles Dickens eru miklir vinir mínir og eins hef ég hrífst með í andríku og þunglamalegu andrúmsloftinu í rússneskum klassíkum eins og *Önnu Kareninu* eftir Tolstoy.

Erðu alin upp við lestur bóka?

Ég las mikið sem barn og bækur og lestur voru sjálfsagður hluti á æskuheimilinu: að borða, sofa og lesa er allt sem skiptir máli í raun. Bókahillur fullar af bókum voru á flestum bæjum sem ég kom á og ég er alin upp af móður sem les nokkrar bækur í viku og ömmur og afar engir eftirbátar. Greiður aðgangur að bókum var sjálfsagður og ég fór snemma að venja komur mínar af bókasafnið á Selfossi. Ekkert var utan seilingar eða bannað. Þegar ég hafði orðið næga meðvitund til að sækjast eftir því að lesa *Ég lifi* eftir Martin Grey þá fékk ég það, umorðalaust. Allir sem lesa þá átakanlegu bók vita að lífið breytist eftir lesturinn en ég hef ekki verið nema þrettán ára þegar ég las hana. Ég hélt sérstaklega upp á skandinavíska sósíalrealistann Astrid Lindgren í barnæsku og ævintýri og fantasúr áttu hug minn allan um tíma. Þá þvældist ég um sveitir með bækur í tösku og settist út í móa og las um víkingaöld með Vilborgu Davíðsdóttur og lifði mig inn í norsk-íslenskan nornaheim Margit Sandemo um ellefu og tólf ára aldurinn. En sá rithöfundur sem stendur hjarta mínu næst í barnabókmenntum er Frances Hodgson Burnett sem skrifaði sögur þar sem ungrir, sterkir kvenkaraktarar spiluðu aðalhlutverk.

Ég las mikið sem barn og bækur og lestur voru sjálfsagður hluti á æskuheimilinu: að borða, sofa og lesa er allt sem skiptir máli í raun. Bókahillur fullar af bókum voru á flestum bæjum sem ég kom á og ég er alin upp af móður sem les nokkrar bækur í viku og ömmur og afar engir eftirbátar. Greiður aðgangur að bókum var sjálfsagður og ég fór snemma að venja komur mínar af bókasafnið á Selfossi. Ekkert var utan seilingar eða bannað. Þegar ég hafði orðið næga meðvitund til að sækjast eftir því að lesa *Ég lifi* eftir Martin Grey þá fékk ég það, umorðalaust. Allir sem lesa þá átakanlegu bók vita að lífið breytist eftir lesturinn en ég hef ekki verið nema þrettán ára þegar ég las hana. Ég hélt sérstaklega upp á skandinavíska sósíalrealistann Astrid Lindgren í barnæsku og ævintýri og fantasúr áttu hug minn allan um tíma. Þá þvældist ég um sveitir með bækur í tösku og settist út í móa og las um víkingaöld með Vilborgu Davíðsdóttur og lifði mig inn í norsk-íslenskan nornaheim Margit Sandemo um ellefu og tólf ára aldurinn. En sá rithöfundur sem stendur hjarta mínu næst í barnabókmenntum er Frances Hodgson Burnett sem skrifaði sögur þar sem ungrir, sterkir kvenkaraktarar spiluðu aðalhlutverk.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Lestrarvenjur mínar eru ekki reglubundnar. Þegar hugurinn er þreyttur þá les ég lítið. Stundum les ég ekkert. Stundum les ég svo mikið að ég tæti í mig margar bækur hratt og enginn fær mig stöðvaða. Hins vegar hlusta ég mikið á hljóðbækur á leið úr og í vinnu og þar á ég heila klukkustund á dag þar sem ég hlusta á stórbókmenntir og spennusögur. Ef þú mætir mér hlajandi á bíl í Grímsnesinu þá skaltu ekki hafa áhyggjur af því að ég sé að tapa glórunni heldur er ég örugglega að skella upp úr yfir einhverri skrítlunni í góðri bók.



Jóna Katrín Hilmarsdóttir.

Áttu þér uppáhaldshöfundu?

Uppáhaldshöfundu er erfitt að nefna en minn allra uppáhalds er William Shakespeare. Ef ég ætti að nefna nútímahöfund þá vil ég minnast á Kristín Hannah en ég les allar bækur sem hún sendir frá sér. Á íslensku hefur komið út eftir hana góð saga sem heitir *Næturalinn*.

Hefur bóklestur áhrif á viðhorf manna og gildismat?

Tilgangur með bókum og lestri kristallast í leið mannsins til að skilja sjálfan sig og aðra betur. Bækur og sögur eru lykillinn að því að skilja betur umheiminn og til að öðlast samkennd og innsýn inn í ókunna menningarheima. Íslendingar eiga margar kynslóðir sjálfmenntaðs fólks sem er víðlesíð umfram margan háskólamanntinn. Bækur og lestur eru lykillinn að sjálfstæði bæði einstaklingsins og samfélagsins.

En að lokum Jóna, hvernig bækur myndir þú skrifa ef þú værir rithöfundur?

Ef ég væri rithöfundur myndi ég skrifa bækur sem opna augu unga fólksins fyrir því hversu megnugt þau eru: hversu sterk og dugleg þau geta verið; hversu mikil áhrif þau geta haft og hversu mikilfenglegur hversdagsleikinn er. Og svo myndi ég undirstrika það hversu mikið lán það er að búa á svæði heimsins þar sem hversdagsleiki er sjálfgefinn. Víðsýni, umburðarlyndi, góðmennska og samúð með þeim sem minna mega sín yrðu undirtónninn og rauði þráðurinn. Hvernig ég færi svo að því að orða þetta meistaraverk er svo allt annað mál.

Lestrarhestur númer 110.
Umsjón Jón Özur Snorrason.

Lausar lóðir í Rangárþingi ytra

Rangárþing ytra hefur R sett í auglýsingu lóðir á Hvolsvelli og að Ytri-Skógum. Lóðirnar eru lausar til úthlutunar. Meðal annars eru auglýstar lóðir í Hallgerðartúni sem er nýtt íbúðahverfi á Hvolsvelli. Alls er um að ræða 31 lóð og þar af þrjár lóðir í Ytri-Skógum. Nánar á vefsíðunni ry.is.





Stórbætt lýsing við leikskólann Óskaland í Hveragerði

Nýverið var lýsing endurnýjuð og endurnýjuð á lóð leikskólans Óskalands í Hveragerði. Eldri lýsing hafði verið óbreytt frá byggingu leikskólans og var orðin úr sér gengin og ófullnægjandi. Að auki var notast við lampa með kvikasilfurperum sem bannað er að framleiða í dag og því ekki hægt að gera við það sem bilaði.

Til að færa lýsinguna til nútímans var ákveðið að endurnýja lýsinguna með LED (e. Light Emitting Diode) ljósum og var Kristín Ósk Þórðardóttir rafmagnsverkfræðingur og sérfræðingur í ljósaönnun hjá verkfræðistofunni Lotu fengin til að útfæra nýju lýsinguna. Ákveðið var að notast við núverandi staura en uppfæra ljósin sjálf.

„Skemmt er frá því að segja að nýja lýsingin hefur komið einstaklega vel út. Börnin, starfsmenn og foreldrar eru öll sam-

mála um að munurinn sé eins og dagur og nótt (í orðsins fyllstu), sérstaklega í skammdeginu þegar það er oft nánast myrkur á útivistartímum. Það er ekki bara að lýsingin hafi verið stórbætt heldur verður við það heilmikill orkusparnaður þegar skipt er yfir í LED-lýsingu en þar getur munað meira en 50% sem er gott fyrir umhverfið og fjárhaginn,“ segir Höskuldur Þorbjarnarson, umhverfisfulltrú Hveragerðis-bæjar.

Leiksvæði yngstu barnanna vestan megin við húsið naut nýju lýsingarinnar þó ekki í sama mæli og afgangurinn af lóðinni og hefur því nú í tilraunaskyni verið skipt um lampa á tveimur ljósastrum við Finnmörkina en þeir standa þétt við leiksvæði yngstu barnanna. Þar sem þessi ljós lýsa allan hringinn þá hefur lýsingin þegar batnað verulega á svæðinu. Væntanlega verða

síðan svipaðar lýsingalausnir settar upp á bílastæði leikskólans og á öðrum stöðum sem þarfnast mikillar lýsingar.

Um framhald á endurnýjun raflýsingar í bænum segir Höskuldur: „Ljóst er að nú fara í hönd nýir tímar þegar kemur að umhverfis- og götulýsingu. Ný tækni er að ryðja sér til rúms og sú gamla mun hverfa nokkuð hratt þar sem hún er óumhverfisvæn og því ekki hægt að viðhalda henni til lengri tíma. Með þessum hröðu breytingum koma spennandi lausnir eins og sést á nýju lýsingunni við leikskólann Óskaland. Með tíð og tíma má vænta þess að öll umhverfis- og götulýsing í Hveragerði verði LED-vædd. Ljóst er að kostnaður verði nokkur til skamms tíma en í staðinn mun orku- og viðhaldskostnaður lækka til muna til lengri tíma og því ber að fagna.“

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is

SOFÐU RÓTT Á NÆTURNAR

VIÐ HÖFUM
ALLT GEGN
LÚSMÝI!

LÚSMÝSNET
FYRIR GLUGGA

- Lúsmýsnet fyrir glugga í metratali
- Lúsmýsnet fyrir barnavagna og rúm
- Höfuðnet
- Lúsmýsvarnir á húð
- Reykelsi og ilmólur



Undirbúðu þig fyrir sumarið

Sendum
samdægurs um allt
land

Póstverslun.is

ÉG VIL VINNA MED ÞÉR

Vilt þú verða hluti af faglegum, duglegum og skemmtilegum hópi starfsfólks á KFC? Hefurðu áhuga á að vinna fyrir eina stærstu skyndibitakeðju heims og eiga möguleika á að vinna þig upp og þróast í starfi? Við bjóðum upp á sveigjanlegan vinnutíma og frábæra stemningu á vinnustað.

ÓSKUM EFTIR STARFSFÓLKI Á KFC SELFOSSI

Við leitum að skipulögðum og framtakssömum einstaklingum á vaktir 2-2-3 eða í 100% starf. Aðeins 18 ára og eldri koma til greina.

Starfssvið:

Þjónusta við viðskiptavini, þökkun og afgreiðsla á mat, þrif, undirbúningur á morgnana og frágangur á kvöldin.

Hæfniskröfur:

- Góð íslenskukunnátta
- Metnaður í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Geta til að vinna hratt og örugglega undir álagi
- Reynsla af veitingaþjónustu
- Þarf að geta hafið störf strax

Hefur þú áhuga að slást í hópinn? Fylltu út umsóknarformið á www.kfc.is/atvinna
Fyrirspurnir um störf sendist á barbara@kfc.is
Upplýsingar á staðnum: Sandra, Kfc Selfoss, sími: 570 6743

KFC



Afhending afraksturs áheitaþrjóns



Á myndinni eru Margrét Tryggvadóttir fráfarandi formaður, Magnús Kristjánsson formaður Dagrenningar og Margrét Guðjónsdóttir formaður.

Á haustdögum setti Kvenfélagið Eining í Hvolhreppi sér það markmið að þrjóna 300 þrjónles fyrir 1. febrúar 2021 og skyldi það gefið til Kvennaathvarfs, Konukots, í Gistiskýli karla, Frú Ragnheiði, Hjálparstarf kirkjunnar og Rauða krossinn. Af stað fór Áheitaþrjón. Kvenfélagið bauð fyrirtækjum og einstaklingum að heita á uppátækið.

Margar hendur hafa komið að þessu verkefni og eiga kvenfélagskonur í Kvenfélaginu Einingu þar stærstan þátt. En þó nokkrar utanfélagskonur gáfu okkur

af rausn sinni allskonar þrjónavörur. Þökkum við kærlega fyrir þann styrk!

Fyrsta afhending var fyrir jóla en fyrir viku afhentum við seinni hlutann. Alls urðu þetta 500 stykki, sem vonandi gleðja og hlýja.

Þetta er sannarlega gjöf sem gefur. Kærar þakkar til allra þeirra sem hétu á okkur og lögðu inn á reikninginn.

Alls söfnuðust kr. 350.000 sem voru afhent formanni Björgunarsveitarinnar Dagrenningar Magnúsi Kristjánssyni á Hvolsvelli þann 26. febrúar 2021.

Við erum ekki örfáar tuðandi kellingar!

Næsta haust stendur til að hefja kennslu í nýjum skóla á Selfossi, Stekkjaskóla, þar sem börn í 1.-4. bekk eiga að hefja nám í færanlegum bráðabirgðakennslustofum. Töluvert hefur verið fjallað um málið en þó hefur hlið foreldra barnanna sem gert er að færast á milli skóla ekki fengið að heyrast nægjanlega vel. Eins og núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir er börnum sem verða í 2.-4. bekk, búsett eru í nýju skólaverfi Stekkjaskóla eða Vallaskóla gert að færast um skóla. Þessi yfirfærsla er án alls samráðs og kynningar fyrir foreldra.

Í fyrsta lagi er ljóst að Sveitarfélagið Árborg hefur ekki farið að lögum við töku ákvörðunarinnar. Málsmeðferðarreglur stjórnslulaga eru hafðar að vettugi og ekkert samráð haft við foreldra. Undirrituð hefur lagt fram kærú hjá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem þess er krafist að ákvörðunin um að flytja börn sem þegar eru í öðrum skólum og án aðkomu foreldra verði felld úr gildi. Gera verður þær lágmarkskröfur til sveitarfélagsins að þeir virði lög og reglur sem gilda og stundi góða stjórnslu.

Í öðru lagi þá er öryggi barnanna okkar haft að vettugi. Bráðabirgðakennslustofur verða staðsettar á byggingarsvæði þar sem unnið verður að byggingu varanlegs skólalúsnæðis. Augljóst er að mikið verður um

umferð vinnuvéla þar sem uppbygging í nýju hverfi er rétt hafinn, en í dag hafa risið þar fjögur hús. Vinnusvæði og börn eiga enga samleið þrátt fyrir að reynt verði að passa upp á öryggi. Forvitin og uppátækjasöm börn láta ekki járngrindar stöðva sig. Þá er ótalin umferð um Suðurhólana, en hluti barnanna þarf að fara yfir þá götu til þess að komast í skólann. Þeir sem eru búsettir í götum sem liggja að Suðurhólunum vita að mikill hraði er á bílum sem ekið er Suðurhólana og hámarkshraði í fæstum tilfellum virtur. Engin undirgöng eru til staðar né gönguljós sem tryggja að ekki verði stórslys. Líf barnanna okkar er að veði.

Í þriðja lagi er brotið á rétti barnanna okkar. Börn sem þegar stunda nám í Sunnulekarskóla eða Vallaskóla eiga rétt á því að fá að halda áfram námi í þeim skóla sem þau voru í, með skólasystkinum og í því skólaumhverfi sem þau hafa vanist frá upphafi skólagöngu. Nú á að taka þau upp, flytja um skóla og keyra þau fram og til baka í sund, íþróttir og frístundaheimili. Börn sem þegar voru í Sunnulekarskóla þurfa ekki einungis að skipta um skóla heldur einnig frístundaheimili þar sem frístundaheimilið Bifrost sem tengist Vallaskóla þjónustar Stekkjaskóla. Börnin okkar standa eftir mörg hver án vana, í stanslausum akstri til og frá skóla og í nýju umhverfi. Vissulega heimila reglurnar að sótt verði

Jónína Guðmundsdóttir

lögmaður og foreldri



um undanþága til þess að barn fái að vera í skóla utan skólaverfis en í þessu tilfalli eigum við ekki að þurfa að sækja um undanþágu.

Í fjórða og síðasta lagi er margt í ólagi og óljóst hvað varðar fjármál, deiliskipulag, útböð á færanlegum kennslustofum og öðrum hlutum sem tengjast þessum framkvæmdum. Hvar á að finna 500.000.000 til að fjármagna færanlegar kennslustofur? Sveitarfélagið er að fara yfir skuldaviðmið með framkvæmdinni samkvæmt nýttkominni skýrslu KPMG. Væri ekki nær lagi að bíða, spara 500.000.000 og leyfa nemendum að hefja nám þegar hægt er að hefja kennslu í nýjum skóla?

Því hefur verið haldið fram af meirihluta bæjarstjórnar að við foreldrar viljum ekki nýjan skóla. Það er langt frá sannleikanum. Við fögnum uppbyggingu en það þarf að vera rétt staðið að ákvarðanatöku og fullkominn óþarfi að sjálfur bæjarstjórnin geri lítið úr málstað okkar foreldranna í viðtali við fjölmiðla. Við erum stór hópur áhyggjufullra foreldra, ekki örfáar tuðandi kellingar.

Fyrir hönd foreldra,
Jónína Guðmundsdóttir.

Áfangastaðastofa Suðurlands eflir stoðkerfi ferðaþjónustunnar

Í fyrra tölublaði Dagskrárinnar ívar sagt frá því að samningur milli SASS og Ferðamálaráðherra, Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, hefði verið undirritaður. Efni samningsins er stofnun Áfangastaðastofu á Suðurlandi. Verkefnið er í höndum Markaðsstofu Suðurlands, sem hefur verið með það í undirbúningi síðastliðin ár í tengslum við áfangastaðaaætlun landshlutans, sem nú er í uppfærslu og verður kynnt á vörðmánuðum. Við kiktum til Dagnýjar Huldar Jóhannsdóttur, framkvæmdastjóra Markaðsstofu Suðurlands og fengum að heyrna hvaða þýðingu þetta hefur fyrir ferðaþjónustuna á Suðurlandi.

Markmiðið að efla stoðkerfi ferðaþjónustunnar

Hvað er Áfangastaðastofa? „Markmið með Áfangastaðastofu er að efla stoðkerfi ferðaþjónustunnar og stuðla að jákvæðum framgangi hennar á starfssvæði Markaðsstofu

Suðurlands.

Meginverkefnið er að leggja fram áfangastaðaaætlun fyrir viðkomandi landsvæði og tryggja að hún tali við aðra lögbundna áætlunargerð, bæði á landsvísu sem og innan landshlutans. Einnig að tryggja gott samtal milli hagsmunaaðila í greininni innan landshlutans til að tryggja að t.d. markaðssetning, fræðsla og rannsóknir séu byggðar á þörfum fyrirtækja og landshlutans í heild. Að flestu leyti eru þetta verkefni sem Markaðsstofa Suðurlands hefur sinnt til þessa, en með stofnun Áfangastaðastofu á grunni Markaðsstofunnar er verið að formfesta betur hlutverkin innan stoðkerfis ferðaþjónustunnar og vista þau úti í landshlutunum, segir Dagný.

Ávinningurinn ótvíræður í að skapa góða heildarmynd

Hvaða árangurs má vænta af svona verkefnum? „Það er alltaf verið að vinna að því að skapa heildarmynd fyrir svæðið. Sýna ferðamönnum fram á að hér sé

skynsamlegt að ferðast og miða að því að lengja dvöl þeirra innan svæðisins og fá þá til að ferðast víðar. Til þess nýtum við ýmis verkfæri til markaðssetningar og upplýsingamiðlunar, s.s. vefsíðuna south.is, fjölmiðla og samfélagsmiðla. Nýjasta markaðstækið er t.d. vefurinn www.upplifdu.is

sem er þróunarverkefni sem allar Markaðsstofur landshlutana stöðu að með stuðningi sveitarfélaga og landshlutasamtaka. Á vefnum getur gesturinn farið inn, skipulagt ferðina sína með tilliti til þess sem hann hefur áhuga á og langar að gera og upplifa á Suðurlandi. Með nokkrum smellum fær gesturinn hugmynd af ferðaplani sínu sem hann getur svo bæði prentað út og fengið myndband af í rauntíma og auðvitað deilt því með fjölskyldunni eða vinum sínum á samfélagsmiðlum,“ segir Dagný. Blandaður er agndofa þegar Dagný fer yfir vefinn og útbýr þriggja daga ferð um Suðurland. Í lokin er heildstætt

myndband af ferðinni þar sem sýnir hvers vænta má. Það er hreinlega ekki annað hægt en að mæla með að fólk kynni sér þetta.

Viðtækt samráð við hagsmunaaðila skilar góðri vöru

Ef ég skil þig rétt er verið að auka samráð milli allra aðila í ferðaþjónustunni, frá grasrótinni til hins opinbera og þeirra sem sjá um markaðssetningu á erlendri grundu? „Það er rétt. Fjöldi fólks, fyrirtækja og stofnana hefur komið að vinnunni og mun gera það áfram. Innan landshlutans hefur ferlið verið til umræðu á sveitarstjórnarstigunni og framundan eru fundir með ferðaþjónustunni. Allt til þess að gera ferðaþjónustuna á Íslandi meira aðlaðandi fyrir ferðamenn, innlenda og erlenda. Ísland mun tala einum rómi út á við þar sem sérstaða hvers svæðis er nýtt til að laða fólk til landsins. Með samræmdri ímynd af svæðinu stöndum við sterkar og eigum möguleika á

því að fá ferðamenn inn til lengri dvalar og þar með vonandi betri upplifun,“ segir Dagný.

Bjartir tímar framundan

Dagný er sannfærð um að bjartari tímar séu framundan fyrir ferðaþjónustuna. Fólk og fyrirtæki hafi nýtt tímenn og andrýmið sem skapaðist í faraldrinu til þess að efla sína starfsemi og styrkja innviðina. „Ég held að við komum með öflugri atvinnugrein út úr þessu en þegar við fórum inn í faraldurinn. Fólk hefur verið duglegt að þróa vörur og aðlaga þjónustuna. Sérstaklega tóku margir það skref að þróa ferðavörur fyrir innlenda markað. Ég hugsa að það verði eitthvað sem við munum sjá áfram,“ segir Dagný að lokum.

-gpp

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Auglýsingasíminn er
482 1944



Við erum sérfræðingar í prentun bóka, almennu prentverki og framleiðslu umbúða. Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.

Leyfðu okkur að finna bestu, hagstæðustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



📍 Eyravegi 25, 800 Selfoss
📞 482 1944
📧 selfoss@prentmetoddi.is



ÍSLÆNSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

AÐALFUNDUR BÓKABÆJANNA



Aðalfundur Bókabæjanna verður haldinn í Bókasafninu í Hveragerði 11. mars nk. kl. 17.

Hefðbundin aðalfundarstörf.

Sigrún Klara Hannesdóttir fv. landsbókavörður mun flytja erindi þar sem hún kynnir hugmyndir sínar um barnabókasafn.

Fundinum verður streymt sé þess óskað.

Stjórnin



ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Við getum bætt við okkur þjónum í sal, aðstoð í eldhúsi og matreiðslumanni.

Ef þú ert metnaðarfullur, jákvæður, með ríka þjónustulund, 18 ára eða eldri og langar að vera í okkar liði, þá viljum við heyra frá þér.

Gildin okkar eru:

- Hreint hráefni
- Koma til móts við þarfir okkar gesta
- Mannauðurinn er okkar dýrmætasta auðlind

Hendur í höfn bistro-café er staðsett í Þorlákshöfn, skammt fyrir utan höfuðborgarsvæðið.

Sendu okkur póst og fáðu frekari upplýsingar á hendurihofn@hendurihofn.is.



Systrafoss og Örafajökull gleðja augað

Kirkjubæjarstofa, þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri, og skrifstofa Skaftárhrepps eru fluttar í nýuppgerð húsnæði sem áður hósti íbúðir fyrir kennara og heimavist grunnskólans á Kirkjubæjarklaustri. Húsnæðið er á Klausturvegi 4 á annarri hæð og mun hér eftir verða kallað Kirkjubæjarstofa. Á Kirkjubæjarstofu verður aðstaða til kennslu, námsver og lesstofa fyrir nemendur í fjarnámi og þar er hægt að leigja vinnuáðstöðu og fundarsal. Mikið útsýni einkennir nýja húsnæðið þar sem Systrastapi, Systrafoss og skógurinn eru á aðra hönd en Síðan og Örafajökull á hina.

Heimavistarálman og kennaraíbúðirnar eru frá því 1970 en þann vetur komu fyrstu nemendurnir á heimavistina sem var byggð með það í huga að heimavistin væri hótél á sumrin og þannig var fyrirkomulagið fram yfir aldamótin. Nemendur Kirkjubæjarskóla sem áttu lengst að fara voru í heimavist til haustsins 1992 en þá var heimavistin lögð niður og öll börn keyrð heim daglega. Tónlistarskóli Skaftárhrepps var á efri heimavistinni eftir 1994 en hann hefur nú fengið rúm-gott húsnæði í íbúðinni á neðri hæðinni.

Skrifstofa Skaftárhrepps er flutt inn á Kirkjubæjarstofu en skrifstofan var áður á efri hæð félagsheimilisins Kirkjuhvals. Er mikill munur á allri starfsaðstöðu starfsfólks sveitarfélagsins en húsnæðið var löngu orðið of þröngt og ófullnægjandi á allan hátt.

Kirkjubæjarstofa, þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri, var í gamla gistihúsinu á hlaðinu við Systrafoss frá stofnun hennar 1997. Gamla gistihúsið var selt síðastliðið vor. Það var félagið Burstasteinn ehf. sem keypti húsið en það hefur ekki verið ákveðið hvaða starfsemi verður í gistihúsinu, en vonandi fréttist af því þegar liður að vori.

Á Kirkjubæjarstofu hafa nokkrar stofnanir starfsstöð; Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Bændabókhalidið, Fræðslunet Suðurlands símenntun,



Kirkjubæjarstofa er flutt í heimavistarálmu Kirkjubæjarskóla. Gengið er inn þar sem íbúðirnar voru en aðgengi fyrir fatlaða er frá planinu við Íþróttahúsið.

Náttúrustofa Suðausturlands, atvinnu- og kynningarfulltrúar Skaftárhrepps og Vatnajökulshjódgarður. Verið er að byggja nýja gestastofu fyrir þjóðgarðinn sunnan við Skaftá og þangað munu skrifstofur Vatnajökulshjódgarðs flytja þegar þar að kemur.

Kirkjubæjarstofa er þekkingarsetur þar sem unnið er að ýmsum verkefnum. Kirkjubæjarstofa fékk Menningarverðlaun Suðurlands 2019 fyrir framlag til metnaðarfullra menningarverkefna. Verkefni hafa verið ólík en öll tengd náttúru eða menningu. Eitt af stóru verkefnum Kirkjubæjarstofu er skráning örnefna og upp úr því verkefni varð til bókin *Fornar ferðaleiðir í Vestur Skaftafells-sýslu* sem Vera Roth skrifaði og kom út árið 2018. Frá Kötlu-gosi til fullveldis var framlag Kirkjubæjarstofu til að minnast Kötlu-gossins og fullveldisins 1. des. 2018 og má sjá afraksturinn af því verkefni á vefnum www.katla100.is, söfnun ljósmynda og sagna úr sveitinni má sjá á vefnum eldsveitir.is, en það verkefni var að hluta unnið á Kirkjubæjarstofu. Eitt þeirra verkefna sem verið er að vinna núna í samvinnu við aðra Sunnlendinga er skráning þjóðsagna á Suðurlandi á vefnum sagniraf-sudurlandi.is.

Önnur verkefni í vinnslu eru skráning, hnitsetning og kortlagning á vörðum við þjóðleiðir og aðrar fornar ferðaleiðir í Skaftárhreppi, skráning á sögum um skaftfellskar konur og fleira.

Félagið Eldvilji ehf. sem

stofnað var árið 2000, var eigandi að gamla gistihúsinu og mun einnig verða eigandi að húsnæði Kirkjubæjarstofu á móti Skaftárhreppi. Skaftárhreppur leggur til húsið og Kirkjubæjarstofa leggur til veglega styrkveitingu frá SASS/sóknaráætlun Suðurlands, til að endurnýja húsnæðið, að upphæð kr. 67.500.000 kr. Það kom sér vel á covid-tímum að eiga þennan styrk og geta farið í framkvæmdir á sama tíma og hér er atvinna minni en verið hefur undanfarin ár. Eigendur Eldvilja ehf. eru Skaftárhreppur og Kirkjubæjarstofa. Skaftárhreppur leggur til bygginguna en Kirkjubæjarstofa styrkinn og er áætlaður eignarhlutur Skaftárhrepps í eignarhaldsfélaginu Eldvilja ehf. 47,5% og Kirkjubæjarstofu 52,5%. Allnokkur vinna er eftir við að lagfæra húsið að utan.

Endurbæturnar voru viðamiklar og var verkið boðið út. Fékk RR-Tréverk ehf. á Kirkjubæjarklaustri verkið samkvæmt tilboði að upphæð kr. 60.984.603 kr. Nokkrir undirverktakar komu að verkinu og fleiri lögðu hönd á plóg. Húsnæðið er nú eins og nýtt að innan, vandað var til verka og eiga allir sem komu að framkvæmdinni þakkir skyldar.

Það er mikið tilhlökkunar-efni fyrir það fólk sem vinnur að uppbyggingu og framfarumálum í Skaftárhreppi að vinna saman í þessu glæsilega húsnæði sem verður án efa suðupottur hugmynda og nýsköpunar til framtíðar.

Óprifnaður af nikótínþúðum í Árborg

Mikill óprifnaður er af svokölluðum nikótínþúðum sem eru vinsælir um þessar mundir ef marka má konu sem kom að máli við blaðamann í vikunni. Þúðarnir innihalda ekki tóbak þrátt fyrir að innihalda nikótín. „Þessir litlu þúðar eða koddar eða hvað má kalla þetta, eiga alls ekkert heima í náttúrunni. Hvað ef lítið barn eða óviti tekur þetta upp og setur upp í sig. Þetta er engu skárna sigarettustubbarnir sem fer sem betur fer fækkandi í umhverfinu. Það getur ekki verið okkur til sóma að hafa slíkan óprifnað í samfélaginu. Nú ætla ég tanning-

unum okkar ekkert illt umfram aðra,“ segir konan og bendir á að þetta sé vinsælt meðal yngri kynslóðarinnar. „En það er ekkert víst að þeir kveiki á því að ef þeir skyrpa þessu út úr sér á víðavangi að það verði til þess að lítið barn tíni þetta upp í sig og veikist. Ég vona bara að allir sem þetta nota komi þessu bara í ruslið þar sem það á heima.“ Eftir nánari eftirgrennslan blaðamanns eru dósirnar sem varan fæst í gjarna með hölf í lokinu sem ætlað er undir notaða þúða og því ekkert til fyrirstöðu að taka ábyrgð á eigin rusli og koma því í farveg.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL



Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana.

1. Eyjarland L167649 – Landbúnaðarland í iðnaðarlóð – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. febrúar 2021 að kynna skipulagslýsingu vegna breyttrar landnotkunar á landi Eyjarlands. Í breytingunni felst að landbúnaðarland á lóð Eyjarlands L167649 er breytt í iðnaðarsvæði til samræmis við núverandi notkun lóðarinnar. Á lóðinni er starfrækt seiðaeldisstöð með framleiðslugetu fyrir um 20 tonn af seiðum.

2. Skálpanesvegur – Skilgreining tveggja náma – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna skilgreiningar tveggja nýrra efnistöku svæða við Skálpanesveg. Annars vegar E129 við Skálpanes þar sem áætlað magn efnistöku er allt að 20.000 m³ og hins vegar E130 við Geldingafell þar sem áætluð efnistaka er allt að 5.000 m³.

3. Reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna reiðleiðar. Í breytingunni felst að sett verður inn reiðleið meðfram hluta Skeiða- og Hrunamannavegar og reiðleið sem er fyrir í aðalskipulagi færast vestur fyrir veg.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana.

4. Suðurhlið Langjökuls – Íshellir – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna íshellis í suðurhlið Langjökuls. Innan tillögunnar er gert ráð fyrir skilgreiningu staks afþreyingar- og ferðamannasvæðis á Langjökli. Innan svæðisins er gert ráð fyrir möguleika á að gera manngerðan íshelli sem viðkomustað fyrir ferðamenn. Íshellir geti verið allt að 800 m³ að stærð. Ekki er gert ráð fyrir varanlegum mannvirkjum innan svæðisins.

5. Stekkatún 1 L222637 og 5 L224218 – Breytt landnotkun – Aðalskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar að Stekkatúni 1 og 5. Í tillögunni felst að hluta frístundasvæðis F73 er breytt í landbúnaðarland.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

6. Sólheimar, byggðahverfi 2020-2025 - Deiliskipulag

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2021 að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til Sólheima í Grímsnesi. Í tillögunni felst endurskoðun núverandi deiliskipulags, skilgreining á lóðum innan svæðisins, byggingarreitum og byggingaskilmálum.

7. Syðri-Reykir 2 L167163 – Deiliskipulag – 2101037

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2021 að kynna deiliskipulagstillögu sem tekur til Syðri-Reykja 2. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, gróðurhúsi, vélaskemmu og byggingar sem ætlaðar eru fyrir ferðapjónustu.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

8. Stekkatún 1 L222637 og Stekkatún 5 L224218 – Skilmálar og fyrirhuguð uppbygging – Deiliskipulagsbreyting

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar vegna lóðar Stekkjatúns 1 og 5. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingaskilmála innan svæðisins.

9. Stórhólmi L211525 – Íbúðarhús, reiðhöll og hesthús – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 9. febrúar 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags að Stórhólma L211525 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, reiðhöll og hesthúsi.

10. Holt L192736 – Unnarholt land – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. febrúar 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags að Holti L192736 í Hrunamannahreppi. Í deiliskipulaginu felst skilgreining fjögurra byggingarreita, þriggja fyrir íbúðarhús og eins fyrir útihús.

11. Bergsstaðir L167201 – Vélaskemmur – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. febrúar 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags í landi Bergsstaða, L167201. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarreits fyrir 3 skemmur.

12. Arnarbæli 1c, L228405 – Deiliskipulag

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags á lóð Arnarbælis 1c. Í deiliskipulaginu felst skilgreining á 2.700 fm byggingarreit þar sem heimilað verður að byggja allt að 200 m² íbúðarhús og 100 m² skemmu/geymslu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.gogg.is/> og <https://www.fludir.is/>.

Skipulagstillögur og lýsingar mál nr. 1, 2, 3, 6 og 7 eru í kynningu frá 3. 3. 2021 til og með 24. 3. 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 24. 3. 2021. Aðalskipulagsbreytingar í liðum 4 og 5 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 3. 3. 2021 til og með 16. 4. 2021. Deiliskipulagstillögur í liðum 8, 9, 10, 11 og 12 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 3. 3. 2021 til og með 16. 4. 2021.

Athugasemdir og ábendingar við auglýst skipulagsmál skulu berast eigi síðar en 16. 4. 2021.

Athugasemdir og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Stelpurnar í 3. flokki eru bikarmeistarar 2021. Ljósmynd: Umf. Selfoss.

Tveir bikarmeistaratitlar á Selfoss

FIMLEIKAR Bikarmót unglunga í hópfimleikum var haldið á Selfossi helgina 13.-14. febrúar. Fimleikadeild Selfoss sendi sjö lið á mótið og var árangur þeirra einkar glæsilegur.

Í 5. flokki kepptu tvö lið frá Selfossi. Stúlkurnar voru að keppa á sínu fyrsta móti og var spennan mikil. Liðin stóðu sig vel og enduðu í sjötta og þrettánda sæti.

Í 4. flokki átti Selfoss einnig tvö lið. Flokkurinn er fjölmennur en 24 lið tóku þátt. Stúlkurnar frá Selfossi sýndu glæsilegar æfingar og enduðu liðin í fjórða og tíunda sæti.

Í 3. flokki kepptu sautján lið og keppnin var hörð. Selfoss átti einnig tvö lið í þeim flokki. Selfoss 2 lenti í tíunda sæti en Selfoss 1 sigraði flokkinn og eru bikarmeistarar í 3. flokki 2021 eftir glæsilegar æfingar á öllum áhöldum.

Í flokki kk. yngri keppti einn hópur frá Selfossi. Strákarnir frá Selfossi sýndu flottar æfingar og



Strákarnir í flokki kk. yngri eru bikarmeistarar 2021. Ljósmynd: Umf. Selfoss.

sigruðu með yfirburðum og eru bikarmeistarar 2021.

Mótið fór vel fram og var gaman að fylgjast með börnunum fullum tilhlökkunar sýna

æfingar sínar eftir rúmlega árs hlé frá keppni. Fimleikadeild Selfoss óskar öllum iðkendum sínum til hamingju með glæsilegan árangur á mótinu. -sól

Selfyssingar komnir í þriðja sæti

HANDBOLTI Selfyssingar eru komnir upp í þriðja sæti Ólísdeildarinnar eftir tvo góða sigra í seinustu viku.

Selfoss vann sigur á Stjörnunni í spennuleik á Selfossi á sunnudagskvöld þar sem Ragnar Jóhannsson skoraði sigurmarkið níu sekúndum fyrir leiklok. Lokastaðan 29-28.

Ragnar var markahæstur Selfyssinga með 7 mörk, Hergeir Grímsson skoraði 6/2 mörk, Atli Ævar Ingólfsson, Magnús Óder Einarsson og Hannes Höskuldsson 4 mörk, Alexander Már Egan 3 og Nökkvi Dan Elliðason 1. Vilius Rasmus varði 16 skot.

Fyrir í vikunni vann Selfoss frábæran sigur á ÍBV í spennuleik, 27-25 þar sem úrslitin réðust einnig á lokasekúndunum. Selfoss hafði frumkvæði í leiknum en eftir að ÍBV jafnaði 25-25 þegar tæpar tvær mínútur voru eftir skoruðu Sel-



Ljósmynd: Umf. Selfoss/Sigurður Ástgeirsson

fyssingar tvö seinustu mörk leiksins þrátt fyrir að vera manni færri.

Atli Ævar var markahæstur Selfyssinga með 9/1 mörk, Hergeir skoraði 6/2, Hannes skoraði 4 mörk, Alexander Már 3 og Guðmundur Hólmur Helgason, Ragnar, Ísak Gústafsson, Nökkvi Dan og Einar Sverrisson skoruðu allir eitt mark. Vilius varði 16 skot í markinu.

Næsti leikur er gegn KA á Akureyri á föstudag.

Aðalfundur í mótokross og fimleikum

UMF. SELFOSS Aðalfundur deilda Umf. Selfoss eru í fullum gangi í mars og verður aðalfundur mótokrossdeildar fimmtudaginn 4. mars klukkan

20:00 og aðalfundur fimleikadeilda Umf. Selfoss eru í fullum gangi í mars og verður aðalfundur mótokrossdeildar fimmtudaginn 4. mars klukkan

Ísold Assa og Oliver Jan á palli í fjölþraut

FRJÁLSAR Meistaramót Íslands í fjölþrautum fór fram laugardaginn 20. febrúar. Mikil eftirvænting var hjá keppendum að fá loks að keppa eftir langt hlé.

Selfoss átti nýu keppendur í fimmtarþraut 15 ára og yngri en þá er keppt í 60 m grindahlaupi, hástökki, kúluvarpi, langstökki og 800 m hlaupi, í þessari röð.

Hjá stelpunum varð Ísold Assa (14 ára) í þriðja sæti með 2.445 stig, bestan árangur í einstaka grein náði hún í hástökki með 1,60 m. Rétt á eftir henni varð Álfrún Diljá (15 ára) með 2.351 stig en hún náði bestum árangri í kúluvarpi með 11,07 m. Af öðrum árangri ber helst að nefna að Þórhildur Lilja (14 ára) hljóp frábært 800 m hlaup og var með þriðja besta árangur allra keppenda upp í kvennaflokk í

þeirri grein, hún hljóp á 2:36,58 mín.

Hjá strákunum varð Oliver Jan (15 ára) í öðru sæti með 2.414 stig aðeins 68 stigum á eftir fyrsta sætinu. Flestum stigum náði Oliver Jan í kúluvarpi þegar hann kastaði 12,26 m, hann hljóp líka frábært 800 m hlaup á 2:22,04 mín. og stórbætti sig í öllum greinum þrautarinnar. Hjálmar Vilhelm (13 ára) stóð sig einnig mjög vel en hann setti HSK-met í 13 ára flokki í fimmtarþraut (með 15 ára áhöldum) með 1.366 stig og í 60 m grind (84 cm) á 11,71 sek.

Selfoss átti fjóra aðra keppendur í þessum flokkum sem allir stóðu sig mjög vel og voru að bæta sig í mörgum greinum.

Öll úrslit í þrautinni má sjá á vefsíðu Umf. Selfoss, www.selfoss.net.



Ísold Assa og Oliver Jan á verðlaunapalli. Ljósmyndir: FRÍ

Enn syrtir í álinn hjá Selfyssingum

HANDBOLTI Stúlkurnar okkar lutu í lægra haldi í tveimur leikjum í Grill 66 deildinni í seinustu viku.

Gegn U-liði Fram var ljóst strax frá byrjun að topplið Framara hugðist ekki ætla að taka neina fanga. Þær slógu Selfyssinga út af laginu strax í byrjun og leiddu allan leikinn. Lokatölur 19-29.

Mörk Selfoss: Elín Krista Sigurðardóttir 5, Katla Björg Ómarsdóttir 4/3, Rakel Guðjónsdóttir 3, Agnes Sigurðardóttir, Elínborg Katla Þorbjörnsdóttir og Ivana Raičković 2 og Sólveig Ása Brynjarsdóttir 1. Varin skot: Áslaug Ýr Bragadóttir 12/1 (29%).

Seinni leikur vikunnar gegn Fjölni/Fylki tapaðist í Grafarvogi 20-17. Segja má að mjög slæm byrjun hafi verið banabíti Selfyssinga í leiknum í Dalhúsum. Eftir um fimmtán mínúntur

voru gestgjafarnir komnir með sjö marka forystu, 9-2. Heimakonur leiddu í hálfleik 13-5. Jafnræði var með liðunum í síðari hálfleik en lokatölur urðu á endanum 20-17.

Mörk Selfoss: Elín Krista 4, Tinna Sigurrós Traustadóttir 2/2, Agnes, Arna Kristín Einarisdóttir, Ivana og Katla Björg 2, Rakel, Elínborg Katla og Kristín Una Hólmarsdóttir 1. Varin skot: Áslaug Ýr Bragadóttir 12 (37%) og Lena Ósk Jónsdóttir 1 (100%).

Næsti leikur hjá stelpunum er gegn Víkingum í Hleðsluhöllinni sunnudaginn 7. mars.



Elín Krista var markahæst í báðum leikjunum. Ljósmynd: UMFS/ÁÞG

Rófurassar í Listasafni Árneseinga

Hlátrasköll og pískur leikskólubarna hríslaðist um sali Listasafns Árneseinga þegar leikskólinn Óskaland í Hveragerði kíkti á safnið. Ástæðan fyrir gleði barnanna var skemmtilegur titill á verkefni sem unnið er í samstarfi við Bókasafnið í Hveragerði. „Verkefnið kallast Rófurassar og eru teiknaðir í tengingu við sýningu Bjargeyjar Ólafsdóttur sem ber heitið Rófurass. Krökkunum þykir þetta ákaflega myndin titill og vilja mörg hver ólm taka þátt,“ segir Kristín Scheving, safnstjóri LÁ. Hún hvetur alla sem elska hunda að kíkja við á sýninguna og skilja jafnvel eina hundamynd eftir sem mun verða sett upp á Bókasafni Hveragerðis.



Yngstu gestirnir Skemmtilegir

Aðspurð um aðsókn á safnið, nú eftir opnun vegna Covid-19 segir Kristín: „Aðsóknin hefur farið fram úr okkar björtustu vonum. Það er mikil stemning hér eins og alltaf. Svo eru skemmtilegustu hóparnir oft þessir af yngri kynslóðinni en þau gæða húsið óneitanlega miklu lífi,“ segir Kristín að lokum.

-gpp

UMF SELFLOSS 1936

SELFLOSS TV

SUN 7. MARS 13:30

Grill 66 deild kvenna

SELFLOSS - VÍKINGUR

HLEDSLHÖLLIN

stubbur

HLEDSLÁ

JAKO

BÓNUS

AÐALFUNDUR

Félags sauðfjörbænda í Árnessýslu



verður haldinn fimmtudagskvöldið þann 11. mars kl. 20:30 í Félagsheimilinu í Þingborg.

Dagskrá

Hefðbundin aðalfundarstörf.
Breytingar á félagskerfi landbúnaðarins.

Stjórn FSÁ



Laus störf í Stekkjaskóla á Selfossi

Vilt þú taka þátt í því að byggja upp sterka liðsheild í nýjum grunnskóla á Selfossi?

Stekkjaskóli er nýr grunnskóli á Selfossi sem tekur til starfa næsta haust með um 150 nemendum í 1.-4. bekk. Fullbyggður verður skólinn fyrir um 500 nemendum í 1.-10. bekk. Í Stekkjaskóla verður lögð áhersla á teymiskennslu, teymisvinnu, fjölbreytta kennsluhætti og jákvæðan skólabrag. Starfsmenn skólans munu taka þátt í stefnumörkun hans sem tekur meðal annars mið af menntastefnu Árborgar sem byggir á hugmyndinni um skólann sem lifandi lærdómssamfélag.

Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 10 þúsund manns og lögð er áhersla á öflugt skóla- og frístundastarf og góða velferðarþjónustu. Skólar og aðrar deildir fjölskyldusviðs vinna að því að styrkja heildstæða nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Áhersla er lögð á snemmtækan stuðning, góð tengsl skóla og skólastiga og skólaþróunarverkefni sem unnin eru í anda lærdómssamfélagsins. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingum sem búa yfir þekkingu, reynslu og áhuga á skólastarfi.

Hér með eru auglýstar ýmsar fjölbreyttar og áhugaverðar stöður fyrir skólaárið 2021-2022.

- > **Deildarstjóri stoðþjónustu** - 100% stöðuhlutfall með 75% stjórnunarumfangi
- > **Umsjónarkennarar** - átta stöður í 100% stöðuhlutfalli
- > **Íþróttakennari** - 100% stöðuhlutfall
- > **List- og verkgreinakennarar** - tvær 100% stöður list- og verkgreinakennara (myndmennt, textílmennnt, hönnun og smíði, heimilisfræði)
- > **Tónmenntakennari** - 50% stöðuhlutfall
- > **Sérkennari** - 100% stöðuhlutfall
- > **Matráður** - 100% stöðuhlutfall
- > **Matráðar** - tvær stöður í 50% stöðuhlutfalli
- > **Skólaritari** - 100% stöðuhlutfall
- > **Stuðningsfulltrúar** - fimm stöður í 75% stöðuhlutfalli
- > **Yfirproskapjálfi** - 100% stöðuhlutfall

Umsóknarfrestur er til og með 14. mars 2021. Nánari upplýsingar um störfina er að finna á ráðningarvef sveitarfélagsins; starf.arborg.is. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspeglji fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar veita Hilmar Björgvinsson, skólastjóri, hilmarb@stekkjaskoli.is, s: 480-1601 og 863 0922 og Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri, astros@stekkjaskoli.is, s: 480-1602. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins starf.arborg.is.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

www.arborg.is

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundur
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

TIL SÖLU

Gönguskiði
2x gönguskiði (karla og kvenna)
og skiðaskór til sölu á Selfossi.
Nánari uppl. í s. 482 1531.

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

LF SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHOLD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN - TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM

Saga dyragöt, gluggagöt og fleira
í steinsteypu.

Kjarnaborun fyrir lögnum.

Ramma inn myndir,
spegla og fleira.

Annast einnig sólpallasmiði.

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068

STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

Nunna ehf.

Bókhald og ráðgjöf

Framtöl, skattskil,
bókhald og ráðgjöf fyrir
einstaklinga og fyrirtæki.

Hafðu samband
Brynja s. 858 6509
nunnaehf@gmail.com

Suðurengi 25 - 800 Selfoss

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
S. 482 1944 - dfs@dfs.is

KIRKJUR

Selfosskirkja
Fjölskyldumessa sunnudaginn
7. mars kl. 11:00. Barnakór
Selfosskirkju undir stjórn Edit
Molnár og Kolbrúnar Berglindar
Grétarsdóttur sjá um tónlistina.
Umsjón með stundinni hefur
Guðbjörg Arnardóttir.

Villingaholtskirkja
Sunnudaginn 7. mars kl. 13:30.
Guðsþjónusta fyrir fermingarbörn
og foreldra þeirra úr Villinga-
holtssókn og Hraungerðissókn.

Hrunakirkja
Guðsþjónusta kl. 11 sunnudag-
inn 7. mars kl. 11. Fermingarbörn
og fjölskyldur þeirra sérstaklega
hvött að mæta. Félagar úr kirkju-
kórnum leiða sönginn. Organísti
er Stefán Þorleifsson. Allir vel-
komnir. Sóknarprestur.

Hveragerðiskirkja
Guðsþjónusta kl. 11 nk. sunnu-
dag. Væntanlegt fermingarbarn
borið til skírnar. Kirkjukórinn
leiðir safnaðarsöng, sr. Ninna Sif
Svavarsdóttir þjónar fyrir altari.
Fundur með fermingarbörnum
og foreldrum að guðsþjónustu
lokinni. Sjáumst í kirkjunni!

Skarðskirkja
Guðsþjónusta verður næsta
sunnudag 7. mars kl. 14.00 og
aðalsafnaðarfundur.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 6. mars.
Biblulæxiur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12. Við fylgjum sótt-
varnareglunum og minnum á
sþritt, grímur og 2 metra.
Streymi verður einnig haldið
áfram frá Aðventkirkjunni í
Reykjavík, sjá YouTube og
Adventkirkjan. Verið velkomin.

Skálholtsdómkirkja
Messa sunnudag kl. 11.00.
Prestur sr. Egill Hallgrímsson.
Organísti Jón Bjarnason. Vegna
fjöldatakmárkana er hægt að
tryggja sér aðgang með því að
skrá sig á síðunni sregill.net.

Stóru-Borgarkirkja Grímsnesi
Bæna- og kyrrðarstund þriðju-
dagskvöld 9. mars kl. 20.30. Sr.
Egill Hallgrímsson leiðir stundina
sem er einföld en óvenjuleg 40
mínútna stund við kertaljós ein-
göngu. Vegna fjöldatakmárkana
er rétt að tryggja sér aðgang
með því að skrá sig á síðunni
sregill.net.

HEILSA

**Nudd -
Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og
heilsuráðgjöf**

**Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum**

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4,
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501



Mynd: Marteinn Þórsson.

Guðrún Eva tilnefnd til bókmennta- verðlauna Norðurlandaráðs 2021

Fjórtaðan norrænar skáldsögur,
smásagnasöfn og ljóðabækur
hafa verið tilnefndar til bók-
menntaverðlauna Norðurlanda-
ráðs 2021. Verðlaunin eru til-
kynnt á þingi Norðurlandaráðs
nú í nóvember. Á dögnum var
tilkynnt hvaða bækur væru til-
nefndar til bókmenntaverðlauna-
anna frá hverri Norðurlandþjóð
fyrir sig. Fyrir hönd Íslands eru
það bækurnar Tíminn og vatnið
eftir Andra Snæ Magnason og
bókin Aðferðir til að lifa af eftir
Guðrúnu Evu Mínervudóttur.
Blaðið sló af þessu tilefni á
þráðinni til Guðrúnar og spurði
nokkurra spurninga.

„Það gladdi mig mjög. Þetta
eru mikið virðuleg verðlaun.
Svo þurfti ég að þegja yfir frétt-
unum í níu mánuði þar til í gær,
sagði Guðrún Eva innt eftir við-
brögðum vegna verðlaunanna.
Aðspurð segir hún að sagan hafi
komið til sín úr mörgum áttum.
„Fyrst um sinn vissi ég ekki
hvort ég væri að skrifa smá-
sagnasafn eða skáldsögu. Svo
fór þetta að koma heim og sam-
an. Sagnaheimurinn er oftast að
hluta til reynsla – eigin eða ann-
arra – og að hluta til tilbúningur,
sem samt verður að veruleika á
blaðsíðunni.“

„Lífið rífur mann á hol
og horfir samúðarfullt í augu
manns á meðan,“ segir ein per-
sóna Guðrúnar Evu í Aðferðum
til að lifa af og það gerir bók
hennar líka, ristir sár en fer
á sama tíma um það mildum
höndum. Þótt sorg og einangrun
marki líf persónanna allra er það
mildin og hjálpsæmin sem stýrir
þeim þótt brothætt sé; allavega
um stund, allavega á meðan á
lestri stendur.

MONARK
bókhald og ráðgjöf

Framtalsgerð
Bókhaldsþjónusta
Skattskil
Ráðgjöf

Monark bókhald ehf.

Austurmörk 4
810 Hveragerði
867 6241 - monark@monark.is

TUNGUMÁL

Ertu spænskumælandi?
Óska eftir að komast í samband
við spænskumælandi Íslending
til að hringja stutt samtal til
Spánar. Greiði 50.000 kr. fyrir
fyrirhöfnina. Upplýsingar í síma
483 3568.

Eins og Guðrún nefnir þykja
verðlaunin virðuleg og því er
ekki úr vegi að spyrja hvaða
þýðingu svona tilnefningar hafi
almennt. „Það er misjafnt hvaða
merkingu fólk leggur í svona
vegtyllur almennt. En í það
minnsta er þetta mjög praktískt
fyrir starfandi höfundur, að vakin
sé athygli á bókinni með þessum
hætti og út fyrir landsteinana.
Það eykur líkur á þýðingum yfir
á önnur tungumál og hjálpar til
við að festa höfundinn í sessi.“

Umsögn dómnefndar um
bókina: „Söguheimurinn sem
Guðrún Eva Mínervudóttir
dregur upp fyrir lesanda í *Að-
ferðum til að lifa af* er kyrrlátur
en á sama tíma þrunginn lífi eins
og síðsumarið sjálft; í honum
streða hundar í taumi á meðan
væðin leggst yfir þorpið. Á
sama hátt kraumar mennskan í
persónunum sem höfundur teflir
fram á sjónarsviðið. Unglings-
stúlka glímur við átröskun, við
tilfinningar sem ólmast í brjóst-
inu; fyrrum dugnaðarforkur á
miðjum aldri er nýrðinn öryrki
og haltrar á vit óljósrar fram-
tíðar; ekkju líður eins og fullum
poka af glerbrotum og vansæll
dregur vafrar um þorp þar sem
flestir virðast vorkenna honum
og óttast til jafns.

„Lífið rífur mann á hol
og horfir samúðarfullt í augu
manns á meðan,“ segir ein per-
sóna Guðrúnar Evu í Aðferðum
til að lifa af og það gerir bók
hennar líka, ristir sár en fer
á sama tíma um það mildum
höndum. Þótt sorg og einangrun
marki líf persónanna allra er það
mildin og hjálpsæmin sem stýrir
þeim þótt brothætt sé; allavega
um stund, allavega á meðan á
lestri stendur.

Guðrún Eva sýnir hér á listi-
legan hátt þá miklu næmni sem
hún býr yfir sem rithöfundur.
Hún færir okkur heim hljóð-
látan en ólgandi heim þar sem
þrá eftir tengslum, sá djúpstæði
kraftur, brýst upp á yfirborðið
á ferskan hátt. Frásögnin tekur
á sig blá keðjusöngs, þar sem
raddirnar kvikna ein af annarri,
taka við laglínunni og fléttast
saman um hríð svo úr verður
sérlega áhrifamikil, margradda
verk. Yfir öllu liggur væðar-
voð öryggis, virðingar og djúps
skilnings höfundar og þeim að-
ferðum sem maðurinn nýtir sér
til að lifa af.“

Úrslit í jólahúfu-keppninni ljós

Fyrir jólin var auglýst hönnunarsamkeppni í Hveragerðisbæ sem bar nafnið Jólahúfan 2020. Í tilkynningu kemur fram að þátttaka hafi verið góð og margar góðar tilögur borist. Það kom í hlut dómnefndar að fara í gegnum allar húfurnar og meta hver

skyldi vinna til verðlauna. Vinningarnir voru í þrennu lagi en vinningshafarnir voru Ingunn Jóna Hraunfjörð sem fékk viðurkenningu fyrir jólalegustu húfuna, Áslaug Ólafsdóttir fyrir skemmtilegustu húfuna og Erna Guðmundsdóttir fyrir þá frumlegustu.



Árleg byssusýning Veiðisafnsins á Stokkseyri

Eins og undanfarin ár verður árleg byssusýning Veiðisafnsins á Stokkseyri. Sýningin að þessu sinni er haldin í samvinnu við verslunina Vesturröst og skotfélagið Markviss á Blönduósi þann 6. og 7. mars nk. frá kl. 11- 18.

„Það verður fjölbreytt úrval skotvopna til sýnis. Hagla-byssur, riffilar, skammbyssur og herrifflar svo eitthvað sé nefnt. Þá eru ýmsir munir tengdir skotveiðum úr einkasöfnum sem ekki koma á hverjum degi fyrir sjónir almennings. Til dæmis skotvopn og munir frá Sverri Scheving Thorsteinssyni, Sigurði Ásgeirssyni, Einari og Braga frá Þverá, Sveini Einarsyni fyrrv. veiðistjóra, Sigmari B. Haukssyni og Drífu-hagla-



byssur frá Jóni Björnssyni heitnum frá Dalvík ásamt hagla-byssum sem Jón Þorsteinsson frá Ólafsfirði smíðaði. Þá hélt Skotfélagið Markviss á Blönduósi 30 ára afmælisýningu fyrir skemmstu og koma þeir félagar með sérvaldar byssur frá þeirri sýningu að þessu sinni.

Þá verður verslunin Vesturröst með úrval af skotvopnum og ýmsum búnaði ætluðum til skotveiða og skotfíprótta.

Allt áhugafólk um skotvopn og veiðar er velkomið. Aðgangseyri verður stillt í hof en nánari upplýsingar má sjá á veidisafnid.is.

Lausar lóðir til úthlutunar í Rangárþingi eystra



Rangárþing eystra auglýsir hér með eftirfarandi lóðir á Hvolsvelli og Ytri-Skógum, lausar til úthlutunar. Meðal annars eru auglýstar fyrstu lóðir í Hallgerðartúni, sem er nýtt íbúðahverfi á Hvolsvelli.

Hallgerðartún, Hvolsvelli: 21 lóð undir einbýlishús og 1 lóð undir 3ja íbúða raðhús
Hvolstún 21, Hvolsvelli: 1 lóð undir einbýlishús
Gunnarsgerði 5, Hvolsvelli: 1 lóð undir parhús
Gunnarsgerði 9, Hvolsvelli: 1 lóð undir einbýlishús
Nýbýlavegur 12, Hvolsvelli: 1 lóð undir parhús
Nýbýlavegur 46, Hvolsvelli: 1 lóð undir 6-8 íbúða fjölbýlishús
Nýbýlavegur 48, Hvolsvelli: 1 lóð undir 3ja íbúða raðhús
Vistarvegur 2-4, Ytri-Skógum: 1 lóð undir parhús
Vistarvegur 3, Ytri-Skógum: 1 lóð undir einbýlishús
Skólavegur 5, Ytri-Skógum: 1 lóð undir einbýlishús
Dufþaksbraut 7 undir iðnaðar- og athafnastarfsemi
Ormsvöllur 2, 9, 11, 15 og 17 undir iðnaðar- og athafnastarfsemi.

Umsóknareyðublað, nánari upplýsingar um lóðirnar og skipulagsskilmála má nálgast á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa, Austurvegi 4, Hvolsvelli.

Við úthlutun lóðanna verður farið eftir úthlutunarreglum lóða í Rangárþingi eystra. Umsóknarfrestur er til 21. mars 2021. Umsóknum skal skilað á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa eða á netfangið bygg@hvolsvollur.is.

F.h. Rangárþings eystra,
Guðmundur Úlfar Gíslason,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

Auglýsing á skipulagstillögum í sveitarfélaginu Ölfusi



Eftirtaldir skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar skv. 1. málsgrein 41. greinar og 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010, á 287. fundi bæjarstjórnar þann 28. janúar 2021 og 288. fundi bæjarstjórnar þann 25. febrúar 2021:

Tillaga að deiliskipulagi vegna fjarskiptamasturs við Selvog
Mörkuð er lóð undir fjarskiptamastur norðan við Suðurstrandarveg í landi Bjarnarstaða við Selvog. Skipulagið er í samræmi við aðalskipulagsbreytingu sem einnig er í auglýsingu um þessar mundir.

Deiliskipulagsbreyting fyrir hafnarsvæði í Þorlákshöfn

Tillagan gerir ráð fyrir að Suðurvarargarður verði lengdur til austurs og breytingar á lóðum og lóðarmörkum. Ekki er gert ráð fyrir snúningi Suðurvararbryggju og landfyllingar við hana sem áður hefur verið auglýst.

Deiliskipulagsbreyting Víkursandur - iðnaðarsvæði á Sandi vestan Þorlákshafnar

Breytingin tekur til stækkunar á lóðunum Víkursandur 3 og 5 og breyttrar aðkomu að lóðunum Víkursandi 2, 4 og 6.

Deiliskipulagstillaga fyrir Akurholt II í Ölfusi

Akurholt II er 4,8 ha land sunnan við Suðurlandsveg. Deiliskipulagið samræmist heimildum aðalskipulags fyrir 2-10 ha landspildur. Með því eru markaðir byggingarreitir fyrir íbúðarhús, gestahús og hús til landbúnaðarnota í samræmi við heimildir aðalskipulags.

Deiliskipulagstillaga Árbær 4

Deiliskipulagstillagan markar reiti fyrir útbyggingu íbúðarhúss og frístundahúss í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Aðalskipulagsbreyting í landi Bjarnarstaða og fyrir Stóra-Saurbæjarsvæðið var samþykkt á 287. fundi bæjarstjórnar þann 28. janúar 2021. Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 er breytt í samræmi við 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Í landi Bjarnarstaða er skilgreindur reitur sem athafnasvæði þar sem áður var landbúnaðarland. Á Stóra-Saurbæjar svæðinu er landnotkun breytt úr landbúnaðarlandi í íbúðarsvæði.

Tillögurnar verða til kynningar á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss frá 3. mars til 14. apríl 2021. Frestur til að gera athugasemdir er til 14. apríl 2021 á netfangið skipulag@olfus.is eða skriflega á sveitarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn.

Grenndarkynning vegna breytingar á deiliskipulaginu „Deiliskipulagsbreyting við Egilsbraut 9“

Bæjarstjórn samþykkti á 288. fundi sínum þann 25. febrúar síðastliðinn að grenndarkynna breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 2. málsgrein 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Þetta er gert til að auglýsa megi lóðir sem deiliskipulagið markar eftir almennum úthlutunarreglum sveitarfélagsins.

Tillagan verður til kynningar á skrifstofu sveitarfélagsins Ölfuss frá 3. mars til 31. mars 2021. Frestur til að gera athugasemdir er til 31. mars 2021. Athugasemdir sendist með tölvupósti á netfangið skipulag@olfus.is eða skriflega á sveitarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1 í Þorlákshöfn.

Óveruleg aðalskipulagsbreyting í landi Árbær 4 var samþykkt á 287. fundi bæjarstjórnar þann 28. janúar 2021. Landnotkun á lóðinni Árbær 4 er breytt með óverulegri aðalskipulagsbreytingu á aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022. Breytingin felst í því að reit í landinu er breytt úr opnu svæði til sérstakra nota í landbúnaðarsvæði í samræmi við 2. málsg. 36 greinar skipulagslaga.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi

Framúrakstur við Austurveg á Selfossi setur barn í hættu



Umferðarhraði og umferðarhegðun er ekki alltaf með besta móti á Austurveginum. Mynd: gpp.

Umferðarhraði og umferðarhegðun á Austurvegi, sem liggur gegn um Selfoss, er ekki alltaf til sóma, ef marka má umræður íbúa Árborgar á Facebook. Margóft hefur verið bent á það í greinarskrifum og á íbúasíðum að úrbóta sé þörf í ýmsum málum sem snúa að umgjörð Austurvegarins. Í liðinni viku varð atvik sem hefði getað farið illa og vakti athygli á Facebook-síðum íbúanna.

Atvikið sem um ræðir varð snemma morguns. Enn var talsvert dimmt. Barn var að ganga yfir Austurvegin við Landsbankann, en bílar úr báðum akstursstefnum höfðu stöðvað til að hleypa barninu yfir götuna. Engu að síður kemur aðvífandi bíll á austurleið og tekur hægra megin fram úr þeim sem stöðvað hafði við gangbrautina. Sem betur fer að sögn sjónarvottar slapp það fyrir horn að þessu sinni að slys yrði.

Íbúar tala fyrir daufum eyrum

Að undanfögnu hafa íbúar á Selfossi kvartað við blaðið og lýst yfir áhyggjum sínum af veginum með ýmsum hætti og að þeirra sögn virðist ganga hægt að gera þær bragarbætur á veginum eins og eftir hefur verið kallað. „Ég hef talað

fyrir daufum eyrum bæði sveitarstjórnarmanna í Árborg og Vegagerðarinnar,“ segir Ásgeir Valdimarsson íbúi við Austurveg. „Það endar með því að það verði einhver sem slasast illa og þá hlaupa allir til.“ Ásgeir hefur haldið málefnum eldri borgara á Selfossi og Austurvegarins á lofti og er umhugað um að til ráðstafana verði gripið en er ekki sérstaklega vongóður um að það verði í bráð. „Það er hagsmunamál fyrir þá eldri borgara sem hér búa að geta komist þökkalega örugglega út í búð. Við, þau eldri og þau yngri eigum þarna sameiginlegt hagsmunamál sem brýnt er að verði lagað. Miðað við viðbrögðin á ég nú ekki von á því að menn komi hingað hlaupandi, sem er vont!“

Umferðarmenning ekki alltaf til sóma á veginum

„Austurvegurinn er þjóðvegur í þéttbýli og því í umsjón og á forræði og ábyrgð Vegagerðarinnar. Eins og Selfyssingar vita er umferðin um Austurvegin gríðarlega mikil. Vegurinn sem slíkur er frekar breiður og fólk getur gert einhverjar kúnstir sem ekki er ætlast til. Á gangbrautinni við Landsbankann þarf því að setja þrengingu þar sem gangbrautin

er staðsett og betri merkingar, því þar er gönguleið barna á leið í skóla og íþróttastarf,“ segir Kristinn M. Bárðarson, ökukennari á Selfossi.

„Hitt er svo annað mál að ég tek undir það að umferðarmenningin er nú ekki alltaf eins og til er ætlast en við ættum öll að líta í eigin barm og huga vandlega að þessu því það verður ekki aftur tekið ef alvarlegt slys verður.“ -gpp

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN



TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
RAFVIRKJUN • MÚRVERK
MÁLUN • SÓLPALLAR
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

D-H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhhokhald@gmail.com
s. 6933708

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

BÓNFDGAR



Gagnheiði 51 - Selfossi
Símar 482 2327 - 848 2327
- Sækjum og skilum -


Jiibbiíi Siggaferðir

- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Rétting og málun

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020



Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

BRACAF VINÁTTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Hjólbarðaðþjónusta Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Sprettur ÁBURÐUR



Skeljungur

Lúvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti



- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 • 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



NYTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is